

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 19. september kl.15.50 var haldinn 147. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir formaður, Hörður Oddfríðarson, Eyrún Eypórsdóttir, Sigurður Eggertsson, Hjalti Sigurðarson og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Unnur Halldórsdóttir rekstrarstjóri Þjónustumiðstöðvar, Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar í PLH ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynningu á verkefninu Betri Hverfi.
Sonja Wium, Róbert Eyjólfsson og Stefán Agnar Finnsson tuku sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt fram erindi frá Betri hverfi-vefnum um hugmynd að listaverki í hverfinu. Samþykkt að fela formanni að safna saman og senda inn hugmyndir.
3. Lögð fram til kynningar samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 31. mars 2016 um breytingar á deiliskipulagi við Sogaveg 73-75 og 77.
4. Fer fram umræða um húsnæði Sólbúa. Búið að setja niður 2 lausar kennslustofur og verið að ganga frá lögnum og fl. en þetta ásamt manneklum hefur tafið fyrir því að starfsemi frístundastarfsins geti hafist.
– kl. 17.45 víkur Snorri Þorvaldsson af fundinum.
5. Ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um úthlutun úr hverfissjóði. Umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 15. nóvember 2016.
6. Lögð fram drög að aðgerðaráætlun þjónustumiðstöðvar Laugardals og Hlíða um forvarnir og heilsuefningu 2016-2017.
8. Vakin athygli á ábendingavef á heimasíðu borgarinnar. Sjá <http://reykjavik.is/thjonusta/abendingar-til-borgarinnar>

Fundi slitið kl.18.00

Dóra Magnúsdóttir

Hörður Oddfríðarson
Sigurður Eggertsson

Eyrún Eypórsdóttir
Hjalti Sigurðarson